

# TRÉÐ MITT

31. OKTÓBER 2013  
UNNIÐ FYRIR GRÆNT KJALARNES  
SIGURBORG ÓSK HARALDSDÓTTIR



## TILLAGA AÐ STAÐSETNINGU FYRIR LUNDINN

Verkefnið snýst um að öllum börnum sem fæðast á Kjalarnesi er gefið tré. Trén eru öll gróðusett á sama svæði, í nálægð við hverfið, og mynda með tímanum skógarlund sem hefur möguleika á að stækka og/eða verða hluti af skógi. Gróðursetningin verður kortlögð til þess að hægt verði að sjá hvaða tré standi fyrir hvaða barn.

Markmiðið er að vekja athygli á þeim börnum sem fæðast á Kjalarnesi og sýna það áþreifanlega í umhverfi okkar. Einnig er lærdómsríkt og skemmtilegt fyrir börnin hugsa um sitt tré og fylgjast með því vaxa. Verkefnið hefur táknræna tengingu, að tengja líf við líf, sem er í senn sjónræn og áþreifanleg.

Verkefnið hlaut styrk frá hverfisráði Kjalarness síðastliðið vor uppá 25.000 kr. Næstu skref eru að ákveða staðsetningu, fá samþykki Reykjavíkurborgar og hefja gróðursetningu trjáa umhverfis lundinn.


- TILLAGA AÐ STAÐSETNINGU
- ⦿ TILLAGA AÐ STÆKKUN



## ÞAÐ SEM RÆTURNAR LIGGJA

Tillaga þessi gerir ráð fyrir staðsetningu lundsins í landi borgarinnar þar sem Bergvíkurlækur kemur undan Þjóðvegi 1. Svæðið liggur á milli Grundarhverfis og Klébergsskóla, rétt norðan við fótoltavöllinn. Ágætis aðgengi er að svæðinu nú þegar og möguleiki á að styrkja það enn frekar. Hugmynd að mögulegri stækkun lundsins er til suðvesturs og er það land einnig í eigu borgarinnar. Í þessari tillögu er lagt til að gróðursett verði umhverfis svæðið til að mynda lund og síðar niður með læknum, en lækurinn er í dag mjög ber og bakkar hans gróðursnauðir.





## TILLAGA AÐ ÚTFÆRSLU

Lagt er til að stærsti hlutur gróðurs verði birkitré og lágvaxin víðir ásamt einstaka furu. Ekki er þó mælt til þess að fura sé gróðursett í nánd við lækinn. Ekki er mælt með neinni sérstakri tegund af trjám sem eru gróðursett fyrir börnin heldur skiptir meira máli að hafa þau sem fjölbreyttust.

Hugmyndin, útfærslan og vinnan við lundinn er sjálfbóðaliðastarf unnið af umhverfishópi, sem samanstendur af íbúum Kjalarness og er hluti af samtökunum Grænt Kjalarnes.

Lagt fyrir á fundi þann 31.10.2013.